

Ofboðslega gaman að vinna í heimahjúkrun.

Ingunn Erla Ævarsdóttir og Íris Björk Gunnlaugsdóttir



Deild hjúkrunarfræðinga við Eyjafjörð er hluti af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem á 100 ára afmæli í ár. Af þessu tilefni hafa hinir ýmsu hjúkrunarfræðingar í Eyjafirði skrifað greinar sem fjalla um þá og þau fjölbreyttu störf sem þeir inna af hendi í samfélaginu okkar.

Íris Björk og Ingunn Erla heitum við og störfum sem verkefnastjórar í heimahjúkrun á Akureyri. En heimahjúkrun á Akureyri er á vegum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands / HSN. Við útskrifuðumst saman árið 2010 frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. En samvinna okkar hófst árið 2013 þegar Ingunn flytur norður til Akureyrar. Íris var þá búin að starfa í eitt ár í heimahjúkrun. Starfsferlar okkar beggja hófust á Landspítalanum. Íris starfaði á gigtar og kvennadeild og Ingunn á Grensás, bæklunar og Lungnadeild. Við höfum báðar unnið á öldrunarheimilum. Íris á Hlíð á Akureyri og á hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík. Ingunn á Landakoti í Reykjavík og Seli sem nú er göngudeildareining innan geðsviðs á SAK/ Akureyri. Á þeim tíma kviknaði áhugi á hjúkrun og í framhaldinu skráðum við okkur í hjúkrunarnámið.

Þegar okkur bauðst að starfa í heimahjúkrun vissum við í raun ekki mikið um starfsemina nema það sem við höfðum kynnt okkur í verknáminu. Kynningin er fremur stutt og segir kannski ekki mikið um starfið í heild sinni. Við vorum báðar ákveðnar í því að við ætluðum ekki að staldra lengi við í heimahjúkrun. Okkar sýn var fremur þröng á þeim tíma og töldum við starfsemina felast í þjónustu við aldraða sem þyrftu mestmegnis á baðaðstoð að halda. Annað kom hins vegar á daginn þegar við byrjuðum að starfa þar. Við erum enn starfandi í þessari einingu og líkar einstaklega vel. Starfið verður sífellt áhugaverðara og skemmtilegra.

Í heimahjúkrun starfa 11 hjúkrunarfræðingar 1 hjúkrunarnemi, 24 sjúkraliðar, 2 sérnámssjúkraliðar, 4 sjúkraliðanemar og 1 félagsliði í 25,6 stöðugildum. Við vinnum í teymlum sem samanstendur af 2 hjúkrunarfræðingum og ca. 3-4 sjúkraliðum. Það skemmtilegasta við starfið er tvímælalaust fjölbreytnin. Við sinnum breiðum hópi allt frá börnum og upp í aldraða einstaklinga. Oft er um langvinn veikindi að ræða má þar nefna hjartabilun, lungnaþembu, geðsjúkdómar af ýmsum toga og ýmiskonar þættir sem hafa áhrif á daglegt líf skjólstæðinga. Við sinnum einnig skjólstæðingum með krabbamein (stuttvinn og langvinn) og einstaklingum sem eru nýkomnir úr aðgerð og þurfa eftirlit og sértæka meðferð með skurðsár.

Okkar starf felst mikið í þverfaglegri samvinnu. Við vinnum í teymlum og fundum við vikulega með Búsetudeild Akureyrarbæjar og sjúkrahúsins. Við sitjum einnig Kristnes- og Hlíðarfundi reglulega. Markmiðið með þessum fundum er að allir okkar skjólstæðingar fái þá bestu þjónustu sem völ er á. Og að eldra fólkið okkar sem og langveikir geti búið heima hjá sér sem lengst. Frá því að við höfum störf í heimahjúkrun hefur starfsemin þróast mikið og vaxið. Þá voru teymin þrjú talsins en í dag eru þau fjögur. Það létti talsvert á okkur verkefnastjórunum með þeirri aukningu. Þegar teymin voru þrjú talsins hafði hver verkefnastjóri yfirumsjón með 100 skjólstæðingum en í dag eru þeir í kringum 70, sem gefur okkur betri yfirsýn. Eftir því sem við best vitum eru hvernig á landinu svo margir skjólstæðingar að baki hverju teymi. Okkar starfsemi hefur stækkað mikið og fer stækkandi. Til að mynda í dag eru fleiri starfsmenn á hverri vakt fyrir sig svo hægt sé að sinna öllum verkefnum okkar á sem faglegastan hátt. Þá eru einnig hjúkrunarfræðingar á vakt öll kvöld en áður vorum við einungis með þá fjögur kvöld í viku. Við erum einstaklega stoltar af því að vinna í heimahjúkrun og okkur finnst starfið okkar ofboðslega skemmtilegt. Ekki skemmir það heldur fyrir að í heimahjúkrun vinna eintómir snillingar og starfsandinn er gríðarlega góður. Hópurinn stefnir á sína fyrstu námsferð í vor, til Edinborgar. Þar ætlum við að kynna okkur starfsemi heimahjúkrunar og hjúkrunarheimila. Edinborgarbúar mega því fara að undirbúa komu okkar enda ansi eftirminnilegur hópur segja sumir!!!!

Í framtíðinni sjáum við okkur enn haldandi á Florenz lampanum góða. Hvort sem það verður í heimahjúkrun eða annarsstaðar innan heilbrigðiskerfisins. Starfsemi heimahjúkrunar er í stöðugri þróun og stækkar sífellt. Við erum fullar áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu og getum vel séð okkur áfram starfandi í þessari einingu